

Verkefni / rannsókn: Bækur og móðurmál, pólska

Styrkþegi: Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi

Samantekt

Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi fékk styrk frá Þróunarsjóði innflytendamála í Félagsmálaráðuneytinu í janúar 2008. Bókasafnið hefur tekið þátt í verkefninu Bækur og móðurmál á vegum almenningsbókasafna á Íslandi. Verkefnið Bækur og móðurmál gengur út á að hvert tungumál á sér móðurbókasafn sem safnar kennslubókum fyrir grunnskóla og framhaldsskóla og yndislestrarbókum fyrir börn og unglinga og lánar bækurnar út. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi var valið móðursafn fyrir tungumálið pólsku. Safnið á rúmlega 400 kennslubækur, yndislestrarbækur og margmiðlunarefni og hefur lánað bækurnar út til bókasafna og almennings. Sótt var um styrk til þess að frumskrá pólsku bækurnar í tölvukerfið www.gegnir.is sem er landskerfi bókasafna, til að bækurnar væru aðgengilegar fyrir alla á Internetinu, ásamt því að kynna þennan pólska bókakost fyrir starfsfólki almenningsbókasafna og skólabókasafna. Skráningu bókana er nú lokið í tölvukerfið gegnir.is og hægt að finna þær þar.

Project: Books and native language, Polish

Grantee: Selfoss Public Library

Abstract

The public library of Selfoss received a grant from the immigration department of Ministry of Social affairs' developmental fund in January 2008. The library has participated in the project Books and native language headed by Iceland's public libraries. The project's purpose is that every language has a main library that collects schoolbooks for primary and secondary schools, novels for children and teenagers and loans them out. The public library of Selfoss was selected as the main library for the Polish language. It has over 400 schoolbooks, novels and multimedia material and has loaned them out to other libraries as well as the public. A grant was applied for to register these books into www.gegnir.is, which is the libraries' nationwide computer system, to make the books more accessible for everybody. The registration is now complete and can be found on gegnir.is